

Fundargerð

154. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-
daginn 4. sept. n.k., kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Norðlenska ehf; staða mála varðandi söfnun á blóðvökva í samræmi við BAT; þ.e. bestu fánlegu tækni.

Norðlenska ehf hefur leitað til ráðherra um undanþágu frá kröfu um söfnun á blóðvökva og er von á svári Umhverfis- og auðlindaráðuneytis á næstu dögum. Bæjarstjóri Norðurþings, Bergur Elías Ágústsson, var í sambandi við nefndina í síma og beindi því til heilbrigðisnefndar að heimila losun blóðs frá sláturhúsi Norðlenska á Húsavík í útrás við Bökugarð. Heilbrigðisnefnd mælist til þess að Norðlenska ehf nýti sér leyfi Matvælastofnunar til að blanda blóði í gor til dreifingar í landgræðslureit á Hólasandi. Heilbrigðisfulltrúa er falið að kanna hug annara hagsmunaaðila á svæðinu varðandi tillögu um að losa blóð í Bökugarð. Gert er ráð fyrir að svar ráðuneytis við erindi Norðlenska ehf liggi fyrir á fundi nefndarinnar þann 11. sept. n.k.

2. Sveinbjarnargerði; ágreiningur á milli ferðaþjónustu og ; erindi frá málsaðila.

Sunna Axelsdóttir lögfræðingur hjá Pacta lögmannsstofu kynnti erindi til heilbrigðisnefndar f.h. Sveitahótelsins Sveinbjarnargerði þar sem lögð er fram beiðni um að starfsemi alifuglabúsins í Sveinbjarnargerði, ÖGrænegg ehf.ö, verði stöðvuð á grundvelli 73. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 sbr. 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Halldóra K. Hauksdóttir lögfræðingur og Haukur Halldórsson bóndi kynntu málið að hálfu alifuglabúsins ÖGrænegg ehfö í Sveinbjarnargerði. Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar nefndarinnar.

3. Skipaskoðun farþegaskipa; námskeið og þjálfun á vegum embættis Landlæknis.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa sem var haldið nýlega á vegum embættis landlæknis um skoðun farþegaskipa. Fram kom að gátlistar vegna skoðunar farþegaskipa eru afar ítarlegir og framkvæmd slíkrar skoðana er tímafrek og krefjandi.

4. Aðalskoðanir leiksvæða; erindi til Akureyrarbæjar.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi fór yfir stöðu mála varðandi aðalskoðun leiksvæða og kynnti erindi til Akureyrarbæjar um mikilvægi málsins.

5. Molta ehf, Þveráreyrum, staða mála varðandi mengunarvarnir.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti minnisblað frá stjórn Moltu ehf á Þveráreyrum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins og einnig var kynnt minnisblað frá Eflu verkfræðistofu um stöð mála varðandi greiningar og úrbætur gegn ólykt frá starfsemi Moltu ehf.

6. Orkey; mörbræðsla án starfsleyfis í Njarðarnesi 10, Akureyri.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra vekur athygli á því að mörbræðsla í húsakynnum fyrirtækisins að Njarðarnesi 10 er án starfsleyfis. Samkvæmt 7.gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.s.br., 2.tl., er óheimilt að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur án þess að starfsleyfi hafi verið gefið út. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer fram á að Orkey ehf. sæki nú þegar um starfsleyfi fyrir breyttri starfsemi í Njarðarnesi 10 og geri grein fyrir fyrirhuguðum mengunarvörnum í því sambandi. Veittur er frestur til 18.september nk. til þess að skila inn ofangreindum gögnum, að öðrum kosti verði fyrirtækinu gert að hætta umræddri bræðslu.

7. Umsögn vegna útrásar frá fiskimjölverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum á Þórshöfn.

Þorkell Björnsson kynnti umsögn til Umhverfisstofnunar vegna útrásar frá fiskimjölverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum á Þórshöfn. Heilbrigðisnefnd samþykkir umsögnina.

Fleira ekki fært til bókar og fundi sliti kl. 16.15.

Önnur mál:

Ákveðið að halda fund í heilbrigðisnefnd þann 11. sept. n.k.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir